

Hlaupabingó 1

Myndabingó


Aldur barna	2-3 ára	3-4 ára	4-5 ára	5-6 ára
Námssvið	Læsi og samskipti	Heilbrigði og vellíðan	Sjálfbærni og vísindi	Sköpun og menning
Ástæður	Umhverfi		Árstíð	
	Á opnu svæði hvar sem er.		Hvaða árstíð sem er.	

Lýsing á verkefni

- Börnunum er skipt í hópa, 3-5 í hverjum hópi, og hver hópur fær eitt bingóspjald.
- Fjær hópunum er spjöldum með myndum dreift á jörðina, með bakhliðina upp þannig að ekki sjáist myndin á þeim.
- Úr hverjum hópi hleypur eitt barn í senn að myndaspjöldunum og sækir eitt spjald.
- Þegar barnið kemur til baka í hópinn sinn hjálpast börnin að við að finna á hvaða hljóði myndin byrjar. Ef bókstafurinn sem á þetta hljóð er á spjaldinu má leggja myndaspjaldið ofan á og þá getur næsta barn sótt næsta spjald.
- Ef spjaldið passar ekki þarf eitthvert barnanna að skila spjaldinu í bunkann á jörðinni og sækja annað spjald í staðinn.
- Hægt er að leika leikinn með öllum barnahópnum í senn og hjálpast að við að fylla bingóspjaldið. Líka er hægt að skipta börnunum í hópa og gera kappleik úr bingóinu.

Gögn

Bingóspjöld með bókstöfum (einföldustu hljóðin í upphafi lestrarnáms) Myndaspjöld.



Náttúruskóli Reykjavíkur – Teymi leikskólakennara í útinámi 2015